

Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardal

Garðabær, 20. september 2023
Málsnúmer: 202308-0025
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar og nýs deiliskipulags í landi Ljárskóga.

Vísað er í erindi Dalabyggðar, er barst gegnum Skipulagsgátt þann 23. ágúst 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar og nýs deiliskipulags í landi Ljárskóga og varðar skipulag blandaðrar byggðar innan jarðarinnar vestan megin við Vestfjarðaveg.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Um er að ræða áform um umfangsmikla uppbyggingu og aðrar breytingar á landnotkun á stóru svæði (47,2 hektarar) sem í dag er að stórum hluta ósnortið. Um verulega breytingu á svæðinu er að ræða og nauðsynlegt að við vinnslu aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags sé lagt greinargott mat á umhverfisáhrif skipulagsáformanna og að slíkt sé byggt á fullnægjandi gögnum um náttúru svæðisins.

Skipulagssvæðið liggur meðfram strönd Breiðafjarðar og þar með upp að og að hluta innan svæðis sem fellur undir lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Lykilatriði er að mati Náttúrufræðistofnunar að skipulagið taki tillit til verndunar strand- og hafsvæða næst skipulagssvæðinu og að tryggt sé að áform um uppbyggingu hafi ekki neikvæð áhrif á verndarsvæðið. Tekið er undir allar ábendingar er varða verndarsvæði Breiðafjarðar í vandaðri umsögn Breiðafjarðarnefndar um skipulagslýsingu frá 20. september 2023, þar með talið að ekki eigi að veita undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar vegna lágmarksfjarlægðar frá sjó og að bæta þurfi úr umfjöllun um fráveitumál þar sem tryggja þarf að ekki berist mengun frá nýrri íbúa- og frístundabyggð til sjávar og inn á verndarsvæðið. Einnig er tekið undir ábendingar stofnunarinnar um mikilvægi strandlínunnar fyrir landsel sem er á valista Náttúrufræðistofnunar sem og fuglategundir eins og haförn, tjald og fleiri válistategundir. Áformuð uppbygging getur í senn raskað búsvæðum en einnig valdið truflun af ýmsum toga t.d. með hljóð- og ljósmengun og aukinni umferð nálægt strandsvæðum.

Eins og fram kemur í skipulagslýsingunni er samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands að finna votlendi sem fellur undir ákvæði 61. greinar laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, innan skipulagssvæðisins. Fram kemur að staðreyna þurfi þetta og tekur Náttúrufræðistofnun undir mikilvægi þess, því afar brýnt sé að forðast röskun votlendis sem fellur undir ákvæði 61. greinar nema brýn nauðsyn sé á. Tekið er undir ábendingu í umsögn Umhverfisstofnunar frá 13. september 2023, um að varlega þurfi að fara við að beita ræsingu votlendis við að beina ofanvatni í sérstaka farvegi til sjávar og að ekki megi skerða heillegt votlendi í þeim tilgangi.



Almennt telur Náttúrufræðistofnun mjög mikilvægt að farið sé í frekari athuganir á náttúrufari svæðisins í ljósi þess að um stórt, lítt raskað svæði er að ræða, og vegna nálægðar þess við verndarsvæði Breiðafjarðar. Kortleggja þarf nákvæmlega útbreiðslu vistgerða með áherslu á vistgerðir með hátt verndargildi, bæði á þurrlandi sem áform eru um að raska, sem og í fjörum í næsta nágrenni. Þá ætti að kortleggja fuglalíf, innan skipulagssvæðis s.s. varp mófugla og annarra tegunda, en einnig fuglalíf við ströndina innan verndarsvæðisins. Einnig ætti að kortleggja útbreiðslu jarðminja innan svæðisins og meta verndargildi þeirra sem og leggja mat á áhrif uppbyggingar á landslag og ásýnd.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um þær náttúruathuganir sem stofnunin telur mikilvægt að farið sé í við undirbúning skipulagsbreytinganna.

Náttúrufræðistofnun telur að stíga þurfi varlega til jarðar þegar stefnt er að svo viðamikilli röskun á frekar lítt snortinni náttúru, og að áformin verði að taka mið af greinargóðum upplýsingum um náttúru svæðisins og verndargildi þess og niðurstöðu umhverfismats áætlunarinnar, með eins og áður sagði sérstakri áherslu á að tryggja verndun Breiðafjarðar skv. markmiðum laga nr. 54/1995.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs